



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 133/993
komudagur 15. 2. 2007

Alþingi
efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Selmu Hafliðadóttur nefndarritara
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.02.2007
Tilv. 02.109
GSJ

Efni: Frv. til laga um breytingu á 1. um váttryggingasamninga (82. gr.)


Félag íslenskra stórkaupmanna gætir hagsmuna fyrir váttryggingamiðlara sem starfa hér á landi. Það kom í ljós fljótlega eftir að lög nr. 30/2004 um váttryggingasamninga tóku gildi að þau tefldu mjög í tvísýnu starfsgrundvelli váttryggingamiðlunar á Íslandi. Einkum var það ákvæði 82. gr. sem var fyrirtækjum í þessari grein þyrnir í augum. Leiddi ákvæði greinarinnar til þess að þau tvö bresku váttryggingafélög sem hér hafa boðið upp á líf- og sjúkdómatryggingar um árabíl og váttryggingamiðlarar hafa starfað fyrir, ákváðu að draga sig út af íslenskum markaði. Þá ýtti álit Persónuverndar á ákvæðum 82. gr. mjög á þessa ákvörðun bresku félaganna. Innkoma félaganna tveggja inn á íslenskan markað stuðlaði að aukinni samkeppni á íslenskum váttryggingamarkaði, auk þess sem félögin gátu boðið upp á nýjungar í váttryggingaþjónustu sem ekki höfðu áður þekkt hér á markaði. Það yrði því mikil afturför fyrir íslenska neytendur ef þessi erlenda samkeppni hyrfi endanlega af markaðinum. Afleiðingin yrði færri tryggingavalkostir, hærri iðgjöld og minni samkeppni á váttryggingamarkaði.

Með þeirri breytingu á 82. gr. sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er mjög komið til móts við þau atriði sem á var bent að nauðsynlegt væri að breyta, til þess að bresku félögin tvö gætu á ný hafið að bjóða þjónustu sína hér á landi. FÍS, f.h. váttryggingamiðlarara innan félagsins leggur því áherslu á mikilvægi þess að frumvarp þetta verði að lögum. Hér er í raun um framtíð váttryggingamiðlunar á Íslandi að tefla.

Eins og nefndarmenn vita er 82. gr. váttryggingasamningalaganna samin að danskri fyrirmynd, en sambærilegt ákvæði hefur verið í danskri löggjöf frá 1997. Er því komin tíu ára reynsla á þetta ákvæði þar í landi og er sú reynsla almennt talin góð. Tilgangurinn var að framkvæmd þessa ákvæðis yrði eins hér á landi og í Danmörku og sú breyting sem lögð er til með frumvarpinu til þess fallin að tryggja að svo verði.

FÍS ítekar mikilvægi þess að frumvarpið verði samþykkt sem lög á yfirstandandi þingi og lýsir félagið sig tilbúið til að veita nefndinni allar þær upplýsingar það getur veitt megi það vera málinu til framdráttar.

Virðingarfyllst,
f.h. FÍS.


Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.